# Kennsluáætlun í íslensku 8. bekkur 3. önn veturinn 2012 -2013

**Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.**

**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

**Kennari:** Jóhanna Sævarsdóttir og Kristín María Birgisdóttir

**Kennslugögn:** Skerpa 1, Skriffinnur, Málfinnur, orðabækur og handbækur, dagblöð og kjörbækur sem nemendur velja sér af bókasafni. Goðsögur, Kjalnesingasaga.

## Markmið

**Bókmenntir**
**Að nemandi:**
- lesi og ræði um mismunandi lausamálstexta, s.s. smásögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og valda texta úr Íslendingasögum eða -þáttum

**Lestur**
**Að nemandi:**
- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili sínu, bókasafni eða á netinu
- auki orðaforða sinn og lesskilning og efli málskilning með margvíslegum lestrarverkefnum í skóla og á heimili
- lesi unglingabækur að eigin vali
- þjálfist í notkun orðabóka og annarra handbóka
- geti myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið
- sé fær um að gera útdrátt úr efni sem hann hefur lesið
- þjálfist í mismunandi lestri; leitarlestri, yfirlitslestri, skimlestri, hraðlestri og nákvæmnislestri
- taki þátt í umræðum um lesna texta

**Málfræði**
**Að nemandi:**
- fái tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- þekki beygingaratriði fallorða og geti í því sambandi fundið fall, tölu og kyn og notfært sér þessi hugtök í leiðbeiningum um málfar og í tengslum við leiðbeiningar og frágang texta
- geri sér grein fyrir hvaða orðmynd er uppflettimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- geti nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar í námsgögnum
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun

- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta
- þekki mun einhljóða og tvíhljóða og átti sig á hvernig hann birtist, t.d. í mun á framburði og stafsetningu
- geti flett upp í orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, t.d. um kyn orða og beygingu
- geti fundið nafnhátt og boðhátt sagna og átti sig á merkingarlegum mun þeirra
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, ýmiss konar orða- og málleikjum og spuna

**Ritun**

**Að nemandi:**
- taki við ýmiss konar gagnrýni á eigin texta og vinni úr henni til að bæta textann
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók, ritunar- og leiðréttingarforrit
- þekki flestar stafsetningarreglur og hafi náð nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- geti byggt upp texta á viðeigandi hátt
- geti skipt texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar af nokkru öryggi
- þjálfist í að taka glósur í námi sínu
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- skrifi útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- tileinki sér persónulega og læsilega rithönd

Námsefnið byggist upp á þriggja vikna lotum og lýkur hverri lotu með könnun. Loturnar eru allar eins uppbyggðar. Þær hefjast á málfræði, þá stafsetningu, ritun, bókmenntum, framsögn og tjáningu og loks eru orðaleikir og/eða málshættir og orðtök. Áherslur á einstaka þætti geta verið mismunandi í lotum og einnig vægi þeirra.

**Námsmat:** Nemendur skila tveimur verkefnabókum úr Kjalnesingasögum, lotuvinnubók og taka þrjú lotupróf á önninni. Nemendur taka lotupróf og stefna að því að ná að ná því viðmiði sem þeir hafa sett sér, ef þeir ná því ekki þarf að taka lotupróf aftur.

**Prófseinkunn:** Lotuvinnubókin gildir 50% á móti lotuprófi sem gildir 50%. Annareinkunn samanstendur af tveimur verkefnabókum úr Kjalnesingasögu sem gilda samtals 25% og þremur lotum sem gilda 25% hver.

**Starfseinkunn:** Lotuvinnubók 50% og kennaraeinkunn 50%. Kennaraeinkunn er vinnusemi og virkni nemenda í kennslustundum ásamt heimavinnu.

| VIKA | VIÐFANGSEFNI | EFNISTÖK | NÁMSEFNI | KENNSLUAÐFERÐ | HEIMANÁM |
|---|---|---|---|---|---|
| **4. – 8. febrúar**<br><br>**4. feb. starfsdagur**<br>**6. feb. dagur leikskóla** | **Kjalnesingasaga** | Sagan lesin í kennslustundum, útskýrð og rædd. Nemendur vinna í verkefnaheftum sínum. | Kjalnesingasaga, bókin ásamt verkefnahefti. | Upplestur - Kennari og nemendur lesa l<br><br>Umræður<br><br>Einstaklingsvinna | Ekkert |
| **11. – 15. febrúar**<br><br>**11. feb. bolludagur**<br>**12. feb. sprengidagur**<br>**13. feb. öskudagur** | **Kjalnesingasaga** | Sagan lesin í kennslustundum, útskýrð og rædd. Nemendur vinna í verkefnaheftum sínum. | Kjalnesingasaga, bókin ásamt verkefnahefti. | Upplestur - Kennari og nemendur lesa.<br><br>Umræður<br><br>Einstaklingsvinna | Ekkert |
| **18. – 22. febrúar** | **Kjalnesingasaga** | Sagan lesin í kennslustundum, útskýrð og rædd. Nemendur vinna í verkefnaheftum sínum | Kjalnesingasaga, bókin ásamt verkefnahefti. | Upplestur - Kennari og nemendur lesa.<br><br>Umræður<br><br>Einstaklingsvinna | Ekkert |
| **25. febrúar – 1. mars** | **Skerpa Lota 4**<br><br>Málfræði, verkefni 1–10<br><br>Stafsetning, verkefni<br><br>1 – 6<br><br>Ritun 4, verkefni 1 | Töflukennsla, 15 mín fyrirlestur kennara þar sem kennari skrifar glósur á töflu.<br><br>Einnig kennt með glærum.<br><br>Nemendur glósa í fagabók.<br><br>Umræður<br><br>Orð af orði | Lota 4<br><br>Málfinnur<br><br>Skriffinnur<br><br>Íslensk orðabók<br><br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br><br>Paravinna nemenda<br><br>Einstaklingsvinna nemenda<br><br>Samvinna nemenda. | Vinna við 4. lotu |

| VIKA | VIÐFANGSEFNI | EFNISTÖK | NÁMSEFNI | KENNSLUAÐFERÐ | HEIMANÁM |
|---|---|---|---|---|---|
| **4. – 8. Mars** | **Skerpa Lota 4**<br>Málfræði, verkefni<br>11 - 18<br>Stafsetn, verkefni<br>7 – 10<br>Bókm, draugasaga og þjóðsaga<br>Orðasúpa | Töflukennsla, 15 mín fyrirlestur kennara þar sem kennari skrifar glósur á töflu.<br>Einnig kennt með glærum.<br>Nemendur glósa í fagabók.<br>Umræður<br>Orð af orði | Lota 4<br>Málfinnur<br>Skriffinnur<br>Íslensk orðabók<br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br>Paravinna nemenda<br>Einstaklingsvinna nemenda.<br>Samvinna nemenda | Vinna við 4. lotu |
| **11. – 15. mars** | **Skerpa Lota 4**<br>Málfræði, stílabókin<br>bls 64<br>Bókm, ævintýri<br>Orðasúpa<br>Upprifjun | Töflukennsla, 15 mín fyrirlestur kennara þar sem kennari skrifar glósur á töflu.<br>Einnig kennt með glærum.<br>Nemendur glósa í fagabók.<br>Umræður<br>Orð af orði | Lota 4<br>Málfinnur<br>Skriffinnur<br>Íslensk orðabók<br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br>Paravinna nemenda<br>Einstaklingsvinna nemenda.<br>Hópavinna<br>Samvinna nemenda | Vinna við 4. lotu |
| **2. – 5. apríl** | **Skerpa Lota 4 og 5**<br>Ljúka við 4. lotu<br>Íslensk kvikmynd<br>Framsagnarverkefni | **Lotupróf 4**<br>Nemendur skila möppu með lotu fjögur til námsmats.<br>Lotupróf fjögur- upptökupróf | Lota 4<br>Málfinnur<br>Skriffinnur<br>Íslensk orðabók<br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br>Paravinna nemenda<br>Einstaklingsvinna nemenda.<br>Hópavinna<br>Samvinna nemenda | Vinna við 4. og 5. lotu |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **8. – 12. apríl** | **Skerpa Lota 5**<br><br>Málfræði, verkefni<br><br>1 – 13<br><br>Stafsetning verkefni<br><br>1 -6<br><br>Orðasúpa | Töflukennsla, 15 mín fyrirlestur kennara þar sem kennari skrifar glósur á töflu.<br><br>Einnig kennt með glærum.<br><br>Nemendur glósa í fagabók.<br><br>Umræður<br><br>Orð af orði | Lota 5<br><br>Málfinnur<br><br>Skriffinnur<br><br>Íslensk orðabók<br><br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br><br>Paravinna nemenda<br><br>Einstaklingsvinna nemenda.<br><br>Hópavinna<br><br>Samvinna nemenda | Vinna við 4. og 5. lotu |
| **15. – 19. apríl** | **Skerpa Lota 5**<br><br>Málfræði, verkefni 14 – 17.<br><br>Stafsetning verkefni 7 - 11<br><br>Bókm, Lesa Hrafnkels sögu Freysgoða<br><br>Ritun verkefni A | Töflukennsla, 15 mín fyrirlestur kennara þar sem kennari skrifar glósur á töflu.<br><br>Einnig kennt með glærum.<br><br>Nemendur glósa í fagabók.<br><br>Umræður<br><br>Orð af orði | Lota 5<br><br>Málfinnur<br><br>Skriffinnur<br><br>Íslensk orðabók<br><br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br><br>Paravinna nemenda<br><br>Einstaklingsvinna nemenda.<br><br>Hópavinna<br><br>Samvinna nemenda | Vinna við 5. lotu |
| **22. – 24. apríl þemadagar**<br><br>**25. Sumard. fyrsti**<br>**26. Starfsdagur** | Þemavinna | Óhefðbundið nám og kennsla | | Samvinna nemenda<br><br>Vettvangsferðir | Ekkert |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **29. apríl – 3. maí**<br><br>**29. Mörtuganga**<br><br>**1. maí verkalýðsd.** | **Skerpa Lota 5**<br><br>Málfræði, stílabókin bls 81<br><br>Ritun, verkefni B, C og D<br><br>Orðasúpa<br><br>Upprifjun | Töflukennsla, 15 mín fyrirlestur kennara þar sem kennari skrifar glósur á töflu.<br><br>Einnig kennt með glærum.<br><br>Nemendur glósa í fagabók.<br><br>Umræður<br><br>Orð af orði | Lota 5<br><br>Málfinnur<br><br>Skriffinnur<br><br>Íslensk orðabók<br><br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br><br>Paravinna nemenda<br><br>Einstaklingsvinna nemenda.<br><br>Hópavinna<br><br>Samvinna nemenda | Vinna við 5. lotu |
| **6. – 10. maí**<br>**9. maí uppstigningard.** | **Skerpa Lota 5**<br><br>Ljúka við 5. lotu | **Lotupróf 5**<br><br>Nemendur skila möppu með lotu fimm til námsmats.<br><br>Lotupróf 5 - upptökupróf | Lota 5 og vinna hafin við 6. lotu.<br><br>**Lotupróf 5**<br><br>**Nemendur skila möppu með lotu fimm til námsmats.** | Fyrirlestur kennara<br><br>Paravinna nemenda<br><br>Einstaklingsvinna nemenda.<br><br>Hópavinna<br><br>Samvinna nemenda | Vinna við 5. og 6. lotu |
| **14. – 17. maí**<br>**13. maí mæðradagur.** | **Skerpa Lota 6** | Töflukennsla, 15 mín fyrirlestur kennara þar sem kennari skrifar glósur á töflu. Einnig kennt með glærum.<br><br>Nemendur glósa í fagabók.<br><br>Umræður<br><br>Orð af orði | Lota 6<br><br>Málfinnur<br><br>Skriffinnur<br><br>Íslensk orðabók<br><br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br><br>Paravinna nemenda<br><br>Einstaklingsvinna nemenda.<br><br>Hópavinna<br><br>Samvinna nemenda | Vinna við 6. lotu |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **21. – 24. maí**<br><br>**20. annar í hvítasunnu**<br><br>**22. – 24 prófadagar** | **Skerpa Lota 6**<br><br>Vinna við 6. lotu | **Lotupróf 6**<br><br>Nemendur skila möppu með lotu sex til námsmats.<br><br>Lotupróf 6 - upptökupróf | Lota 6<br><br>Málfinnur<br><br>Skriffinnur<br><br>Íslensk orðabók<br><br>Glósur og glærur frá kennara | Fyrirlestur kennara<br><br>Paravinna nemenda<br><br>Einstaklingsvinna nemenda.<br><br>Hópavinna<br><br>Samvinna nemenda | Vinna við 6. lotu |
| **27. – 31. maí** | **Óhefðbundnir skóladagar**<br><br>Íslensk kvikmynd og verkefnavinna með henni | | | | Ekkert |